

Fimmtudaginn 16. desember 1965.

Nr. 180/1965. **Bilstjórafélag Suður-Píngeyjarsýslu**
 gegn
Landssambandi vörubifreiðarstjóra.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 13. október 1965, er hingað barst 22. s. m., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 21. gr., 1, b, laga nr. 57/1962 frávísunardóm bæjarþings Reykjavíkur, upp kveðinn 30. september 1965 í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að frávísunardómurinn verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á sakarefnið. Svo krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði dómur verði staðfestur að niðurstöðu til og honum dæmdur kærumálskostnaður.

Eins og rakið er í héraðsdómi, eru kröfur sóknaraðilja reistar á því, að úrskurður stjórnar varnaraðilja frá 4. júní 1961 komi í bága við þær reglur um vinnuskiptingu, sem samþykktar voru á þingi varnaraðilja í desember 1955. Úrlausn þessa sakarefnis er því komin undir skýringu á félagslögum og reglum varnaraðilja. Fallast ber á, að það falli ekki undir verkvið Félagsdóms að veita efnisúrlausn um þenna ágreining, sbr. 44. gr. laga nr. 80/1938. Eigi verður talið, að 28. gr. félagslaga varnaraðilja hafi skilið þetta sakarefni undan lögsögu hinna almennu dómstóla, en 8. gr. félagslaganna kemur hér eigi til álit. Bilstjórafélagi Húsavíkur var eigi stefnt í málinu. Það á ekki að standa því í vegi, að efnisdómur verði á lagður, en slíkur dómur bindur einungis málsaðilja. Samkvæmt framansögðu ber að fella hinn kærða dóm úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að taka málið fyrir af nýju og leggja dóm á það.

Rétt er, að varnaraðili greiði sóknaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Hinn kærði bæjarþingsdómur er úr gildi felldur, og ber héraðsdómara að taka málið fyrir af nýju og leggja dóm á það.

Varnaraðili, Landssamband vörubifreiðarstjóra, greiði sóknaraðilja, Bílstjórafélagi Suður-Þingeyjarsýslu, kærumálskostnað, kr. 15.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. september 1965.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 29. þ. m., hefur Jón Árni Sigfússon, formaður Bílstjórafélags Suður-Þingeyjarsýslu, fyrir hönd félagsins höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 19. marz 1965, á hendur stjórn Landssambands vörubifreiðastjóra (L.V.) í Reykjavík.

Hefur stefnandi gert þær dómkröfur, a) að viðurkenndur verði með dómi alger forgangsréttur vörubifreiðastjóra Bílstjórafélags Suður-Þingeyjarsýslu á öllum akstri, sem eingöngu fer fram á félagssvæði félagsins, b) að úrskurður stjórnar Landsambands vörubifreiðastjóra frá 4. júní 1961 verði dæmdur ógildur og c) að stefndi greiði stefnanda skaðabætur, að fjárhæð kr. 100.000.00, með 7% árvöxtum frá 1. janúar 1963 til greiðsludags svo og málskostnað að mati dómarans.

Vegagerð ríkisins hefur verið stefnt til réttargæzlu í málinu, en engar kröfur hafðar uppi gegn henni, og hefur hún ekki gert kröfur í málinu.

Stefndi hefur *ad allega* krafizt þess, að málinu verði vísað frá dómi, en *til vara* sýknu af dómkröfum stefnanda. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómarans.

Munnlegur málflutningur fór fram um frávisunarkröfuna hinn 29. f. m., og var málið tekið til dóms eða úrskurðar að honum loknum.

Stefnandi krafðist þess, að hinni framkomnu frávísunarkröfu stefnda yrði hrundið.

Málsatvikum er þannig lýst af stefnanda, að stjórn L. V. hafi fellt úrskurð á fundi sínum 4. júní 1961, sem þýði, að vörubifreiðastjórar bæði í félagi stefnanda og Bílstjórafélagi Húsavíkur hafi rétt til vegavinnu, hvar sem er í Suður-Þingeyjarsýslu. Stjórn L. V. tilkynnti stefnanda úrskurð þenna með bréfi, dags. 5. júní 1961. Stefnandi svaraði bréfi þessu 15. s. m. og vísaði til þess, að vinnuskiptareglur, sem samþykktar voru á Landsambandsþingi vörubifreiðastjóra í desember 1955 tækju skýrt fram, að vörubifreiðastjórar hefðu algeran forgangsrétt til aksturs á sínu félagssvæði. Stjórn L. V. áréttaði þýðingu úrskurðar síns frá 4. júní 1961 í bréfi til Vegagerðar ríkisins, dags. 12. september 1961. Stefnandi ritaði stefnda bréf, dags. 6. febrúar 1962, og krafðist skýringa. Þann 7. marz s. á. sendi stefndi stefnanda greinargerð fyrir afstöðu sinni. Næst gerist það, að Vegagerð ríkisins lætur bílstjóra frá Húsavík vinna við akstur fyrir sig, þótt aksturinn fari eingöngu fram á félagssvæði stefnanda. Vegagerðin taldi sig hafa heimild til þess samkvæmt samningi Landssambands vörubifreiðastjóra og Vegagerðar ríkisins frá 11. september 1961 svo og fyrrgreindu bréfi stefnda frá 12. september 1961. Vörubílstjórar frá Húsavík voru teknir í vinnu af Vegagerð ríkisins árin 1962, 1963 og 1964, en akstur þessi fór eingöngu fram utan lögsagnarumdæmis Húsavíkur í Suður-Þingeyjarsýslu, sem er félagssvæði stefnanda. Telur stefnandi, að félagar í félagi hans hafi orðið fyrir vinnutjóni af þessum sökum, sem nemi eftir atvikum öllum kr. 100.000.00, að frádregnum kostnaði.

Stefndi styður kröfu sína um frávísun málsins í fyrsta lagi þeim rökum, að mál þetta beri undir Félagsdóm. Aðgerðir landsambandsstjórnarinnar, sem stefnandi vefengir í þessu máli, séu reistar á ákvæðum kjarasamnings milli Vegagerðar ríkisins og Landssambands vörubifreiðastjóra. Ágreiningsefnið snýst því að verulegu leyti um skilning á vinnusamningi og gildi hans og heyrir þar af leiðandi undir Félagsdóm, sbr. 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur. Á hinn bóginn snúist málið um það, að hve miklu leyti Landssamband vörubifreiðastjóra skuli ráða málefnum sínum sjálf og hvort einstakur meðlimur þess, stefnandi, sé bundinn við löglega gerðar samþykktir og samninga landssambandsins, sbr. 3. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur, en sá þáttur ágreiningsefnisins heyrir einnig undir

Félagsdóm, sbr. 1. tl. 1. mgr. 44. gr. þeirra laga. Í öðru lagi er frávisunarkrafan á því byggð, að stefnandi hafi eigi skotið ágreiningsefninu til úrskurðar landssambandsþings, sbr. 8. gr. laga landssambandsins. Úrskurður landssambandsstjórnarinnar frá 4. júní 1961, sem krafizt sé ógildingar á, er úrskurður um ágreining milli tveggja félaga landssambandsins, þ. e. stefnanda og Bilstjórafélags Húsavíkur. Þessi úrskurður er bindandi fyrir báða aðilja, en þó megi áfrýja honum til landssambandsþings samkvæmt 8. gr. laga landssambandsins. Verði að skilja ákvæði þetta svo, að félag, sem ekki vill una úrskurði landssambandsstjórnar, sé skuldbundið til þess að leita úrskurðar landssambandsþings, áður en það geti leitað til dómstóla. Þetta hafi stefnandi eigi gert, og hafi þó tvö slík þing verið haldin frá því umræddur úrskurður var upp kveðinn.

Rök stefnanda fyrir því, að hrinda beri frávisunarkröfu stefnda, eru þau, að hér umrætt ágreiningsefni varði á engan hátt skýringu á kjarasamningi, heldur sé um að ræða réttindi samkvæmt lögum sjálfs landssambandsins. Kjarasamningur þess og Vegagerðar ríkisins sé aðeins orsök deilumálsins. Enn fremur sé ágreiningsefni málsins um valdsvið landssambandsstjórnarinnar gagnvart hinum ýmsu meðlimum. Bæði þessi atriði séu því þess efnis, að þau falli utan verkefnis Félagsdóms samkvæmt 44. gr. laganna um stéttarfélög og vinnudeilur, en eigi undir valdsvið hinna almennu dómstóla. Að því er annan þátt í rökum stefnda varðar, telur stefnandi sig eigi skuldbundinn til að áfrýja margnefndum úrskurði til landssambandsþings. Vinnuskiptareglur þær, sem stefnandi byggir kröfu sína á, hafi verið samþykktar á landssambandsþingi, sem hafi æðsta vald í málefnum sambandsins. Slíkum samþykktum verði aðeins breytt af landssambandsþingi. Þau atriði, sem 8. gr. laga sambandsins ræði um, varði annars konar ágreining, sem upp komi milli félaga, en samþykktum sjálfs sambandsþingsins verði ekki breytt með úrskurði stjórnarinnar einnar.

Landssamband vörubifreiðastjóra er heildarsamtök sjálfseignarvörubifreiðastjóra í landinu. Samkvæmt lögum þess er verksvið sambandsins meðal annars það að koma fram sem samningsaðili við vinnuveitendur um kaup og kjör meðlima sinna. Er sérstaklega tekið fram í lögum sambandsins, að það sem heild komi fram sem samningsaðili fyrir meðlimi sína, varðandi kaup- og kjarasamninga við Vegagerð ríkisins og aðrar ríkisstofnanir og landsfyrirtæki. Hefur sá háttur og verið hafður á, varðandi

samninga við Vegagerð ríkisins. Ágreiningsefni það, sem hér er til úrlausnar, snýst um það einvörðungu, hvort stjórn sambandsins hafi í kjarasamningi sambandsins við Vegagerð ríkisins farið út fyrir valdsvið sitt samkvæmt sambandslögunum og/eða brotið þau lög á annan hátt með úrskurði sínum frá 4. júní 1961. Deiluefnið takmarkast þannig við hinn félagslega samning og reglur sjálfs landssambandsins. Verður eigi talið, að slíkt eigi undir verksvið Félagsdóms samkvæmt 44. gr. laga um stéttarfélag og vinnudeilur, heldur heyri það undir valdsvið hinna almennu dómstóla. Verður frávísunarkrafa stefnda því eigi tekin til greina að því leyti, sem hún er á því atriði byggð.

Í 8. gr. laga landssambandsins segir, að „rísi ágreiningur milli tveggja eða fleiri félaga í sambandinu, sem þeim tekst eigi að jafna, skal honum skotið til sambandsstjórnar, sem sker úr deilunni, svo fljótt sem unnt er. Úrskurður sambandsstjórnar er bindandi fyrir báða eða alla aðilja, en áfrýja má þeim úrskurði til sambandsþings.“ Eins og áður getur, snýst ágreiningsefni málsins um það, hvort sambandsstjórnin hafi heimild til að breyta með úrskurði samþykktum sambandsþingsins. Ágreiningsefni þetta þykir eigi slíkt, að það falli undir ákvæði nefndrar 8. gr., og verður því eigi talið, að þar greind ákvæði um málskot séu til hindrunar því, að málið verði lagt til úrskurðar dómstóla. Verður frávísunarkrafa stefnda því eigi á þessari ástæðu byggð.

Hins vegar er ljóst, að kröfur stefnanda í málinu geta varðað mjög hagsmuni meðlima Bilstjórafélags Húsavíkur, þar sem í þeim felst, ef þær yrðu teknar til greina, að þeir væru sviptir réttindum, sem þeir munu telja sig hafa öðlazt, eða þeir myndu eiga slíka sviptingu á hættu. Virðist því eðlilegt og sjálfsagt, að stefnandi hefði gefið Bilstjórafélagi Húsavíkur kost á að gæta hagsmuna sinna í málinu. Þetta hefur stefnandi ekki gert. Af þessari ástæðu þykir eiga að vísa máli þessu sjálfkrafa frá dómi.

Eigi þykja efni til að dæma málskostnað.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Máli þessu er sjálfkrafa vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.